

Lög foreldrafélags Andabæjar

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Andabæjar.

2.gr.

Félagar eru foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum Andabæ

3.gr.

Markmið félagsins er:

- a) Að bæta aðbúnað barna og starfsmanna leikskólans
- b) Að skapa vettvang samskipta og samvinnu foreldra og starfsmanna
- c) Að vinna að hagsmunum barna innan skólahverfisins

4.gr.

Félagsgjöld eru ákveðin á aðalfundi. Gjöldin renna í sjóð sem stendur straum af kostnaði við starfsemi félagsins.

5.gr.

Kosning stjórnar fer fram á aðalfundi. Fulltrúar í stjórn eru kosin til tveggja ára. Æskilegt er að hluti fulltrúa sitji í tvö ár í senn. Stjórnin sjálf skiptir með sér verkum. Kjósa skal formann, ritara og gjaldkera. Formaður boðar til stjórnarfunda. Að auki skal kosinn fastur varamaður í stjórn á aðalfundi. Einnig skal leikskólastjóri eða fulltrúi leikskólans eiga setu í stjórn félagsins sem tengiliður á milli skóla og stjórnar.

6.gr.

Félagsmenn skulu á aðalfundi móta leiðir að markmiðum félagsins. Bókfæra skal allar ákvarðanir félagsfunda.

7.gr.

Stjórn félagsins skal vinna að markmiðum félagsins og koma saman svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.

8.gr.

Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. sept. – 1. nóv. ár hvert og skal boða til hans með auglýsingu í leikskólanum og með rafrænum hætti, með minnst viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

- a. Skýrsla formanns um starfsemi félagsins
- b. Reikningur félagsins
- c. Kosning stjórnar
- d. Breytingar á starfsreglum
- e. Önnur mál

9.gr.

Tillögur til breytinga á starfsreglum verða að hafa borist stjórn skriflega í síðasta lagi 3 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Breytingar ná því aðeins fram að ganga að 2/3 fundarmanna greiði þeim atkvæði

Samþykkt á aðalfundi 26. október 2022